

Mánudaginn 24. september 1990.

Nr. 42/1989: **Kaupfélag Þingeyinga**

(Ólafur Axelsson hrl.)

gegn

Þorgrími Starra Björgvinssyni og

Kára Þorgrímssyni vegna

félagsbúsins að Garði II

(Gunnar Sólves hrl.).

Dráttarvextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. febrúar 1989. Hann gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og sér dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt bréf framleiðsluráðs landbúnaðarins frá 7. október 1985 til sláturleyfishafa þess efnis, að ráðið hafi í samræmi við 3. tl. 29. gr. laga nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, ákveðið, að frumgreiðsla sauðfjárafurða 15. október skuli vera 75% af haustgrundvallarverði. Upplýst var í réttinum, að þessi ákvörðun stóð óhögguð haustið 1987.

Stefndu eru félagsmenn í Kaupfélagi Þingeyinga, áfrýjanda þessa máls, og í föstum viðskiptum við félagið. Fram er komið, að 6. nóvember 1987 var frumgreiðsla sú, sem lögum samkvæmt er ákveðin af Stéttarsambandi bænda og nam 75% af fullvirðisrétti, færð í viðskiptareikning félagsbús þeirra. Hinn 12. s.m. var skuldfærð hlutdeild búsins af rekstrarláni. Vextir voru síðan endurreiknaðir, eins og þessar fjárhæðir hefðu verið færðar í reikninginn á réttum gjalddaga 15. október 1987. Rétt þykir að líta svo á, að þessi reikningsfærsla hafi verið stefndu að meinalausu og ekki andstæð lögum, svo framarlega sem þeir hafi átt þess kost á tímabilinu frá 15. október til 6. nóvember 1987 að fá greidda út inneign sína miðað

við þessar færslur. Þeirri fullyrðingu stefnda, Kára Þorgrímssonar, að hann hafi gengið eftir greiðslu til útborgunar 18. október 1987, hefur ekki verið hnekk. Með bréfi 21. desember 1987 krafði lögmaður stefndu áfrýjanda um eftirstöðvar andvirðis innlagðra sauðfjárafurða félagsbúsins, án þess að því væri þá sinnt. Verður því, eins og hér stendur á, við það að miða, að stefndu hafi ekki getað fengið innstæður sínar vegna haustslátrunar 1987 greiddar út á gjalddögum 15. október og 15. desember 1987, er þeirra var krafist, áður en þær höfðu verið færðar í viðskiptareikning félagsbúsins.

Framsetning og útreikningur stefnukrafna í héraði er óskýr. Áfrýjandi lýsti því þó yfir við flutning málsins í héraði, að ekki væri tölulegur ágreiningur í málinu. Verður því einnig að miða við útreikninga stefndu hér fyrir dómi. Ber því að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms. Vextir ákveðast þó eins og í dómsorði greinir.

Dæma ber áfrýjanda til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 60.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Kaupfélag Þingeyinga, greiði stefndu, Þorgrími Starra Björgvinssyni og Kára Þorgrímssyni vegna félagsbús þeirra, 18.683,72 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 269.077,35 krónum frá 21. desember 1987 til 3. janúar 1988, en af 101.105,67 krónum frá þeim degi til 18. sama mánaðar, en af 18.683,72 krónum frá þeim degi til greiðsludags og 60.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Húsavíkur 16. nóvember 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 31. f.m. að undangengnum munnlegum málflutningi sama dag, er höfðað með stefnu, útgefinni 8. janúar 1988, en birtri 2. febrúar 1988.

Stefnendur málsins eru Þorgrímur Starri Björgvinsson, nnr. 9583-3493, Garði 2, Skútustaðahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu, og Kári Þorgrímsson, nnr. 5469-4642, sama stað, vegna félagsbúsins Garði 2, Skútustaðahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Stefndi er Kaupfélag Þingeyinga, Garðarsbraut 5, nnr. 5579-4642, Húsavík.

Endanlegar dómkröfur stefnenda, sem gerðar voru við munnlegan málflutning, eru svohljóðandi:

„Stefnufjárhæðin verður því kr. 18.683,72 með 43,25% ársvöxtum af kr. 12.333,35 frá 15/10 1987 til 1/11 1987, með 45,60% ársvöxtum frá þ.d. til 1/12 s.á., með 49,20% ársvöxtum frá þ.d. til 15/12 s.á., af kr. 269.077,35 frá þ.d. til 1/1 1988, 51,6% ársvöxtum frá þ.d. til 3/1 s.á., af kr. 101.105,- frá þ.d. til 18/1 s.á., en af kr. 18.683,72 frá þ.d. til stefnubirtingardags, en með drv. skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þ.d. til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ. Þess er krafist, að dæmt verði, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti skv. 12. gr. laga nr. 25/1987.“

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnenda og málskostnaðar úr hendi þeirra samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Málavextir eru þeir, að hin umstefnda skuld er dráttarvaxtakrafa vegna dráttar á greiðslu vegna innleggs sauðfjárafurða stefnenda hjá stefnda haustið 1987. Ágreiningslaust er, að nettóverðmæti innleggsins var kr. 1.026.077, og telja stefnendur, að stefndi hafi átt að greiða það þannig: hinn 15. október 1987 75% eða kr. 770.233 og eftirstöðvar, kr. 256.744, hinn 15. desember 1987.

Samkvæmt gögnum málsins var frumgreiðsla, kr. 770.233, bókfærð í viðskiptareikning stefnenda hjá stefnda hinn 6. nóvember 1987 og viðskiptavextir af þeirri upphæð, reiknaðir frá 15. október 1987, kr. 174.591, voru bókfærðir í viðskiptareikning stefnenda 3. janúar 1988 og kr. 82.165 hinn 18. janúar 1988, hvort tveggja með viðskiptavöxtum frá 15. desember 1987.

Stefnendur byggja kröfur sínar á því, að stefnda hafi verið skylt að greiða stefnendum fyrir þær sauðfjárafurðir, sem þeir lögðu inn hjá stefnda, á ákveðnum lögbundnum gjalddögum, og vísa í því sambandi til ákvæða 29. gr. laga nr. 46/1985.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að með framangreindum bakfærslum inn á viðskiptareikning stefnenda, sem þýði í raun, að frá þeim dögum (þ.e. 15. október og 15. desember 1987) beri þær hefðbundna viðskiptavexti, þá telji stefndi sig hafa efnt að fullu og á réttan hátt skuldbindingar sínar gagnvart stefnendum.

Þessi uppgjörsaðferð, þ.e. með bakfærslum, sé sá uppgjörsmáti, sem hafi verið tíðkaður á milli stefnda og viðskiptamanna hans, þ.m.t. stefnenda, í gegnum árin (sic), og hafi hún aldrei sætt neinum andmælum, hvorki frá stefnanda né öðrum viðskiptamönnum. Megi segja, að þessi greiðslumáti sé venjuhelgaður. Þá sé ástæða til að geta þess, að sá dráttur, sem varð á að bókfæra greiðslu, kr. 770.233, stafi af því, að það var ekki fyrr en 6/11 1987, sem ljóst var, hver skuldin var við stefnendur, þ.e. að lokinni

heildarslátrun og þegar heildaryfirlit og úrvinnsla gagna varðandi slátrun liggi fyrir. Þrátt fyrir drátt á sjálfri bókuninni hafi stefnendum staðið þessi greiðsla alltaf til boða strax 15. október 1987 og hvenær sem var eftir það.

Aðilar hafa gefið aðilaskýrslur fyrir dómi.

Kári Þorgrímsson skýrði svo frá, að ekki hafi verið gerður sérstakur samningur milli félagsbúsins í Garði 2 og stefnda um að hafa aðra greiðslutilhögun en kveður á um í 29. gr. laga nr. 46/1985.

Hann kvaðst hafa gengið eftir greiðslu innleggsins hinn 18. október 1987, en gjaldkeri stefnda svarað því til, að ekki væri búið að leggja það inn á viðskiptareikning félagsbúsins.

Þorgrímur Starri Björgvinsson kvaðst strax á árinu 1986 hafa kvartað við kaupfélagsstjóra og skrifstofustjóra stefnda um þann drátt, sem var á greiðslum það ár, og sérstaklega yfir vaxtalegri meðferð vegna uppgjörs sláturafurðanna.

Hreiðar Karlsson, kaupfélagsstjóri stefnda, kvað ekki vera ágreining um heildarverðmæti þeirra afurða, sem stefnendur lögðu inn hjá stefnda haustið 1987, en hins vegar telji stefndi sér ekki skylt lögum samkvæmt að greiða 75% af þeirri upphæð hinn 15. október 1987, en að fullnaðargreiðsla eigi að fara fram 15. desember, eins og lögin segi til um, svo fremi aðstæður séu fyrir hendi.

Hann kvað frumgreiðslur þær, sem fram fóru á árunum 1985-1987, hafa verið miðaðar við 75% af heildarverðmæti sláturfjárafurða, og hafi sú ákvörðun verið tekin af stefnda.

Aðspurður, hvers vegna stefnendum hafi ekki verið greitt fyrr en 6. nóvember 1987, stafi af því (sic), að slátrun hafi ekki að fullu verið lokið 15. október, fullvirðisréttur ekki legið fyrir að fullu og venja sé að gera upp við alla innleggjendur á sama tíma. En hann kvaðst ekki geta upplýst, hvort fullvirðisréttur stefnenda hafi legið fyrir 15. október 1987.

Aðspurður, hvers vegna desembergreiðslan hafi ekki verið innt af hendi þann 15. desember 1987, svarar hann því til, að fjármögnun hafi þá ekki verið fyrir hendi frá ríkissjóði og bönkum.

Hann kvaðst ekki rengja það, að stefnandi Þorgrímur Starri Björgvinsson hefði haft uppi kvartanir við sig vegna framkvæmdar á búvörulögunum og dráttar á greiðslum á árunum 1986 og 1987.

Hann staðfesti, að ekki hefði verið gerður sérstakur samningur við stefnendur um að hafa aðra greiðslutilhögun en kveður á í 29. gr. búvörlaganna.

Við munnlegan málflutning lýsti lögmaður stefnda því yfir, að ekki væri tölulegur ágreiningur um stefnufjárhæðina.

Niðurstaða.

Aðilar eru sammála um, að útreikningur dráttarvaxtanna, kr. 18.683,72, sé tölulega réttur, og er þá búið að draga frá viðskiptavexti þá, er stefnendur fengu frá stefnda.

Eins og málið liggur nú fyrir, þá er ágreiningsefnið það, hvort stefnda bar að greiða dráttarvexti, vegna þess að frumgreiðsla og lokagreiðsla fyrir sauðfjárafurðir stefnenda haustið 1987 voru ekki inntar af hendi hinn 15. október 1987 og 15. desember 1987.

Í 28. gr. laga nr. 46/1985 segir svo:

„Afurðastöð er skylt að haga greiðslum til framleiðanda fyrir innlagðar búvörur í samræmi við ákvæði þessara laga og þeirra samninga og ákvarðana sem teknar eru með heimild í þeim.“

Og í 29. gr. sömu laga segir svo m.a.:

„.....Fyrir sauðfjárafurðir lagðar inn í haustsláturtíð ber að greiða með eftirgreindum hætti.

1. Frumgreiðsla í síðasta lagi 15. október til þeirra, sem slátra fyrir þann dag. Þeir sem slátra síðar hljóti greiðsluna í síðasta lagi tíu dögum eftir innleggsdag. Framleiðsluráð setur nánari reglur um greiðsluna.

2. Fullnaðargreiðsla haustgrundvallarverðs (verð ákveðið 1. september) eigi síðar en 15. desember....“

Síðan er tekið fram í sömu lagagrein, að heimilt sé einstökum framleiðendum að semja um annan hátt á greiðslum.

Því hefur ekki sérstaklega verið haldið fram af hálfu stefnda, að ekki hafi verið búið að slátra hjá stefnendum fyrir 15. október 1987.

Dómari lítur svo á, að enda þótt fyrir gildistöku laga nr. 46/1985 hafi verið samningar eða þegjandi samkomulag um aðra uppgjörsaðferð en lög-in kveða á um, verði nú að fara eftir 29. gr. laganna, nema nýir samningar takist um aðra greiðslutilhögun en þar er ákveðin, og hljóta slíkir samningar að vera einstaklingsbundnir.

Lögin kveði skýrt á um greiðsluskyldu og gjalddaga vegna innleggs sauðfjárafurða hvers árs.

Af því leiðir, að ef afurðastöð innir ekki greiðslu af hendi á réttum tíma, þ.e. gjalddaga, ber henni að greiða dráttarvexti með sama hætti og tíðkast í verslunarviðskiptum.

Samkvæmt 38. gr. laga nr. 39/1922, sbr. 2. gr. laga nr. 33/1987, fer um skyldu til að greiða vexti af kaupverði og öðrum greiðslum, sem ekki eru greiddar á gjalddaga, eftir ákvæðum laga um vexti.

Samkvæmt 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 skulu dráttarvextir reiknast af fjárkröfu frá og með gjalddaga, sé hann fyrir fram ákveðinn, og fram að greiðsludegi.

Samkvæmt þessari niðurstöðu verða því kröfur stefnenda teknar til greina að fullu.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefndum málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 25.000.

Sigurður Briem Jónsson aðalfulltrúi kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Kaupfélag Þingeyinga, greiði stefndum, Þorgrími Starra Björgvinssyni og Kára Þorgrímssyni, vegna félagsbúsins Garði 2, kr. 18.683,72 með 43,25% ársvöxtum af kr. 12.333,35 frá 15. október 1987 til 1. nóvember 1987, 45,60% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þ.d. til 1. desember s.á., 49,20% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þ.d. til 15. desember s.á., en af kr. 269.077,35 frá þ.d. til 1. janúar 1988, 51,60% ársvöxtum frá þ.d. til 3. janúar 1988, en af kr. 101.105,67 frá þ.d. til 18. janúar s.á., en af kr. 18.683,72 frá þ.d. til 2. febrúar s.á. og frá þeim degi til greiðsludags þá dráttarvexti, sem Seðlabanki Íslands ákveður samkv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Heimilt er að leggja áfallna vexti við höfuðstól dómkröfunnar einu sinni á hverjum 12 mánuðum, í fyrsta sinn 15. desember 1988.

Stefndi greiði stefndum kr. 25.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.